

Fréttatilkynning:**Hagar hf. ársuppgjör 2011/12**

Ársreikningur Haga fyrir rekstrarárið 2011-2012 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 10. maí 2012. Reikningurinn nær yfir tímabilið 1. mars 2011 – 29. febrúar 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess og er hann gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Endurskoðendur félagsins, KPMG ehf., hafa endurskoðað reikninginn og hafa áritað hann fyrirvaralausri áritun.

Helstu upplýsingar:

- Hagnaður tímabilsins nam 2.344 millj. kr. eða 3,4% af veltu.
- Vörusala tímabilsins nam 68.495 millj. kr.
- Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) nam 4.183 millj. kr.
- Heildareignir samstæðunnar námu 23.405 millj. kr. í lok tímabilsins.
- Handbært fé félagsins nam 2.149 millj. kr. í lok tímabilsins.
- Eigið fé félagsins nam 6.221 millj. kr. í lok tímabilsins.
- Eiginfjárhlutfall félagsins var 26,6% í lok tímabilsins.

Vörusala félagsins nam 68.495 milljónum króna, samanborið við 66.700 milljónir króna fyrir sama tímabil árið áður. Á síðasta rekstrarári var verslanakeðjan 10-11 hluti af samstæðunni á fyrstu sex mánuðunum. Að teknu tilliti til brotthvarfs á rekstri 10-11 nemur söluaukning félagsins 5,3% milli ára.

Afkoma félagsins fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta nam 4.183 milljónum króna, samanborið við 4.384 milljónir króna árið áður, en 10-11 var hluti af rekstri félagsins til loka ágúst 2010. Framlegð félagsins hefur dregist saman á milli ára, m.a. vegna brotthvarfs 10-11 en aðallega vegna hækkandi kostnaðarverðs og veikingar krónunnar.

Veruleg breyting er á fjármagnsliðum félagsins milli ára, sem skýrist bæði af einskiptisliðum og af hagstæðari lánakjörum. Fjármagnskostnaður tímabilsins var 54 milljónir króna samanborið við 1.704 milljónir á sama tíma í fyrra. Mestu munar um 515 milljón króna endurgreiðslu Arion banka vegna endurútreiknings bankans á gengistryggðum lánum félagsins sem greidd voru upp árið 2009.

Hagnaður rekstrarársins fyrir skatta nam 3.052 milljónum króna, samanborið við 1.457 milljónir króna árið áður. Hagnaður eftir skatta nam 2.344 milljónum króna á tímabilinu, sem jafngildir um 3,4% af veltu.

Heildareignir samstæðunnar í lok tímabilsins námu 23.405 milljónum króna. Fastafjármunir voru 12.604 milljónir og veltufjármunir 10.801 milljónir. Birgðir hafa aukist milli ára, eða um 10,3%, en það má m.a. rekja til verðhækkana þar sem hvert stykki er nú dýrara en áður.

Eigið fé félagsins var 6.221 milljónir króna í lok tímabilsins og eiginfjárhlutfall 26,6%. Eiginfjárhlutfall á sama tíma í fyrra var 16,6%. Heildarskuldir samstæðunnar voru 17.184 milljónir króna, þar af eru langtímaskuldir 10.468 milljónir króna. Nettó vaxtaberandi skuldir félagsins í lok tímabilsins eru 8.423 milljónir króna eða 2,0 x EBITDA. Innra virði hlutafjár í lok febrúar er 5,31 samanborið við 3,08 í lok síðasta rekstrarárs í febrúar 2011.

Handbært fé frá rekstri í lok tímabilsins var 3.427 milljónir króna samanborið við 1.475 milljónir króna á sama tíma í fyrra. Handbært fé í lok tímabilsins var 2.149 milljónir króna samanborið við 1.088 milljónir árið áður.

Framtíðarhorfur:

Horfur í rekstri Haga eru nokkuð góðar en rekstur félagsins var skv. áætlunum á nýliðnu ári. Áætlun ársins 2012/13 er sambærileg niðurstöðu nýliðins rekstrarárs en almenn óvissa ríkir enn á Íslandi og þar sem ráðstöfunartekjur íslenskra heimila hafa mikil áhrif á rekstur félagsins telja stjórnendur þess að vöxtur verði ekki mikill á rekstrarárinu sem nýlega er hafið.

Kynningarfundur:

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, föstudaginn 11. maí kl. 10:30, en þar mun Finnur Árnason forstjóri kynna afkomu félagsins. Vinsamlegst tilkynnið mætingu með tölvupósti á hagar@hagar.is.

Fjárhagsdagatal 2012/13:

Aðalfundur 8. júní 2012

1. ársfjórðungur (1. mars – 31. maí): 29. júní 2012
2. ársfjórðungur (1. mars – 31. ágúst): 26. október 2012
3. ársfjórðungur (1. mars – 30. nóv): 18. janúar 2013
4. ársfjórðungur (1. mars – 28. feb): 17. maí 2013

Nánari upplýsingar veitir Finnur Árnason, forstjóri félagsins, í síma 530-5500.

Ársreikningur Haga hf.
Lykiltölur í millj. kr. – samstæða

Rekstrarreikningur

	2011/12	2010/11	2011/12	2010/11
	Q4	Q4	1.3. - 29.02	1.3. - 29.02
Vörusala	18.597	17.530	68.495	66.700
KSV	(14.286)	(13.252)	(52.389)	(50.160)
Heildarframlegð	4.311	4.278	16.106	16.540
Aðrar tekjur	26	23	103	94
Laun og launatengd gjöld	(1.698)	(1.528)	(6.259)	(6.020)
Annar rekstrarkostnaður	(1.539)	(1.762)	(5.767)	(6.230)
EBITDA	1.100	1.011	4.183	4.384
Óreglulegir liðir	--	(3)	--	(273)
Afskriftir	(377)	(326)	(1.153)	(955)
EBIT	723	682	3.030	3.156
Fjármunatekjur (-gjöld)	(160)	(248)	(54)	(1.704)
Áhrif hlutdeildarféлага	76	5	76	5
Hagnaður fyrir skatta	639	439	3.052	1.457
Tekjuskattur	(162)	(102)	(708)	(333)
Hagnaður ársins	477	337	2.344	1.124
Önnur heildarafkoma	--	(31)	--	(31)
Heildarafkoma ársins	477	306	2.344	1.093

Efnahagsreikningur

	29.02.2012	28.02.2011
Eignir		
Fastafjármunir	12.604	12.810
Veltufjármunir	10.801	9.020
Eignir samtals	23.405	21.830
Eigið fé og skuldir		
Hlutafé	1.172	1.172
Annað eigið fé	5.049	2.440
Eigið fé samtals	6.221	3.612
Langtímaskuldir	10.468	830
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	651	11.497
Aðrar skammtímaskuldir	6.065	5.891
Skuldir samtals	17.184	18.218
Eigið fé og skuldir samtals	23.405	21.830

Sjóðstreymi

	2011/12	2010/11	2011/12	2010/11
	Q4	Q4	1.3. - 29.02	1.3. - 29.02
Handbært fé frá rekstri	1.564	1.711	3.427	1.475
Fjárfestingarhreyfingar	12	(45)	(862)	1.799
Fjármögnunarhreyfingar	(667)	(790)	(1.504)	(2.661)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	909	876	1.061	613
Handbært fé í byrjun tímabils	1.240	212	1.088	475
Handbært fé í lok tímabils	2.149	1.088	2.149	1.088

Breytingar á eigin fé

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. mars 2011	1.172	1.272	1.168	3.612
Hagnaður tímabilsins			2.344	2.344
Aðrar breytingar á eigin fé			265	265
Eigið fé 29. febrúar 2012	1.172	1.272	3.777	6.221